

REGLUGERÐ**um bann við humarveiðum í Háfadjúpi.**

1. gr.

Frá og með 3. júlí 1984 til og með 14. ágúst 1984 eru humarveiðar bannaðar á svæði í Háfadjúpi, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------|--------------|
| 1. 63° 23' 30 N | 19° 58' 53 V |
| 2. 63° 21' 49 N | 19° 48' 05 V |
| 3. 63° 14' 32 N | 19° 55' 16 V |
| 4. 63° 16' 23 N | 20° 06' 03 V |

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júní 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.